

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda í Skarðsstöð í Dalasýslu



Bjarni F. Einarsson
2016

Forsíðumyndin sýnir festasteininn í Skarðsstöð, fornleifar nr. 17:1. (Horft mót SA.
Ljós. BFE).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Dalabyggð
Október 2016

Inngangur

Að beiðni byggingarfulltrúa Dalabyggðar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Skarðsstöðvar á Skarðsströnd í Dalasýslu. Skráningarsvæðið náði út fyrir sjálft framkvæmdasvæðið, eða yfir alla spilduna sem Dalabyggð á á staðnum og rúmlega það. Er skráningarsvæðið sýnt á loftmynd 1.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár og Sýslu- og sóknarlýsingar.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 25. október síðastliðinn. Veður var votviðrasamt og kallt á meðan á vettvangsvinnu stóð, en það kom ekki að sök.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar, mynd 1.

Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu (Dalabyggð).

Margar gagnlegar upplýsingar fengust hjá Viðari Þór Ólafssyni starfsmanni sveitarfélagsins og Kristjáni Inga Arnarssyni. Er þeim þakkað fyrir upplýsingarnar.

Fulltrúi verkkaupa var Kristján Ingi Arnarsson skipulagsfulltrúi Dalabyggðar.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni könnunarsvæðisins.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislug.	Friðlýsa	Mótv.
14:1	Vör	1	Efnistaka	Mikil	Sæmilegt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
15:1	Vör	1	Efnistaka	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Nákv. GPS
16:1	Rúst	1	Efnistaka	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsókn
17:1	Festasteinn	1	Efnistaka	Talsver	Ágætt	1550-1900	Talsv. (6)	Talsv. (6)	Nei	Færsla
18:1	Hleðslur	1	Efnistaka	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Hreins. ljósm.
19:1	M-lag	1	Framkvæmd	Talsver	Lélegt	1550-1900	Talsv. (5)	Talsv. (5)	Nei	Rannsókn
6 st.		6 st.					Meðaltal 4,17	Meðaltal 4,17		

Tafla 1. Skráðar fornleifar í Skarðsstöð. Hér er hættumatið miðað við hinar fyrirhuguðu framkvæmdir.



Mynd 1. Loftmynd af Skarðsstöð með staðsetningu skráðra fornleifa/minja. Svört lína sýnir lóðarmörk Dalabyggðar en gul lína sýnir könnunarsvæðið. (Ljósmyndir hf. Viðbætur BFE 2016).

Samtals voru sex minjar/fornleifar undir sex númerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Vart var fornleifa í allra nánasta umhverfi hins kannaða svæðið, einkum voru það naust (Ormsnaust) sem geta verið býsna gömul að stofni til.

Fornleifar nr. 17, festasteinn með járnhring, eru að mati undirritaðs býsna áhugaverðar. Stungið er upp á því að annaðhvort verði grjót hreinsað frá eða steinninn brotinn upp og færður á hentugan stað.

Danskt íslenskt félag hóf verslun á staðnum um 1890 og var í nokkur ár (Þorsteinn Þorsteinsson 1947:95). Lagðist verslunin af árið 1911 og brann verslunarhúsið daginn eftir að síðasti kaupmaðurinn fór af staðnum (ismus.is).



Mynd 2. Horft niður eftir Krókavör. Myndin er tekin úr óskráðum rústum Ormsnausts. Á klettinum til hægri eru fornleifar nr. 16:1 og handan þeirra er Tónavör. Til vinstri á myndinni má sjá glitta í rampinn (fornleifar nr. 18) sem lá upp að verslunarhúsunum og niður í Ormspollinn. Fyrir Krókavörinni, í sjónu stendur stakur steinn sem í seinni tíð kallast Blöðrubani, en slöngubátur munu hafa lent illa á honum. (Horft mót ANA. Ljósm. BFE 2016).

Ef útræði hefur verið lengi í Skarðsstöð eru líkur til þess að undir malavegum og malarplönnum kunni að leynast minjar um þá tíma, þó engin merki þeirra sjáist í dag.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Styrkur til skráningar menningarminja á staðnum fékkst árið 2015 frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands, en skýrsla um þá skráningu hefur höfundur ekki frekari upplýsingar.

Niðurstaða

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- né varðveisluflokki. Hæstu gildin eru á festasteininum og mannvistarlaginu, en það gæti verið

vísbinding um mannvirki frá fyrstu tíð verslunar á staðnum. Varirnar báðar er í mikilli hættu vegna efnistöku, en önnur er of ung til að njóta friðhelgi, þó næsta öruggt sé að þarna hefur verið vör lengi. Hina þyrfti að GPS mæla nákvæmlega og taka drónamyndir.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Guðni Þórðarson. „Skarð, óðal þar sem enn búa afkomendur landnámsmanns.“ *Tíminn*, föstudaginn 6. september 1957.

Ísmus (ismus.is). SÁM 93/3500 EF.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins ísl. bókmenntafélags 1839 – 1855. Dalasýsla.

Einar G. Pétursson sá um útgáfuna. Sögufélag - Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík 2003.

Þorsteinn Þorsteinsson. Dalasýsla. *Árbók Ferðafélags Íslands MCMXLVII*. Reykjavík 1947.

Örnefnaskrá. Skarð. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur.

Fylgirit

Fornleifaskrá: Dalabyggð Nr. 14-19.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

14

Sýsla

Dalasýsla

Sveitarfélag

Dalabyggð

Tákntala

3800

Hverfi

Skarðsstöð

Landareign

Skarð

MÍ:Nr

Heiti

Tónavör

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

25.10.2016

GPS Staðsetning

E 343362 N 536535

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Vör

Tilgáta/Niðurstaða

Dal 16.2

Dal 16.2

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

Sæmilegt

1900-

Efnistaka

Mikil

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

2

Lítið

2

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Sunnan í Skarðsstöðvarhöfninni eða Ormspolli.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Skarð. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Lýsing

Vör.

Vörin er um 6 - 8 m breið (NV - SA) og nær frá sjó upp að malavergi. Líklega hefur hún verið rudd af vélum í seinni tíð, en gæti verið að stofni til eldri. Sé svo eru líkur til þess að ekkert sé eftir af eldri minjum í vörinni.

Í Örnefnalýsingu segir að Tónavör sé gamalt uppsátur og kend við Ólaf tóna er var hjá Ólöfu ríku og Birni ríka.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Engra mótvægisáðgerða er þörf, en Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um slíkt og setur þá skilmála sem kunna að vera nauðsynlegir.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

15

Undirnr.

1

Sýsla

Dalasýsla

Sveitarfélag

Dalabyggð

Tákntala

3800

Hverfi

Skarðsstöð

Landareign

Skarð

MÍ:Nr

Heiti

Krókavör

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

25.10.2016

GPS Staðsetning

E 343347 N 536524

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

3

Tegund minja

Vör

Tilgáta/Niðurstaða

Dal 16.2

Verk

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Efnistaka

Mikil

Ágætt

1550-1900

Engin

Engin

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

4

Lítið

4

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Sunnan í Skarðsstöðvarhöfninni eða Ormspolli, vestan við nr. 14, Tónavör.

Heimildir og munnmæli

Hulda Birna Albertsdóttir. *Örnefnaskráning í Dalabyggð. IX. Hluti - Skarð. Náttúrustofa Vestfjarða nr. 32-13. 2013.*
Örnefnaskrá. Skarð. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Lýsing

Vör.

Vörin er um 10 - 15 m breið (NA - SV) og nær frá sjó upp að tveimur hrófum.

Vörin er náttúrulegt vik í fjöruna sendin botn og klettur á báðar hliðar. sem notuð hefur verið til að draga upp báta í hrófin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Mælt er með nákvæmri GPS staðsetningu og drónamyndatöku, en engra annarra mótvægisáðgerða er þörf, en Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um slíkt og setur þá skilmála sem kunna að vera nauðsynlegir.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

16

Undirnr.

1

Sýsla

Dalasýsla

Sveitarfélag

Dalabyggð

Tákntala

3800

Hverfi

Skarðsstöð

Landareign

Skarð

MÍ:Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

25.10.2016

GPS Staðsetning

E 343359 N 536521

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Dal 16.2

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Lítill

Lélegt

1550-1900

Efnistaka

Lítill

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

4

Lítið

4

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Á milli tveggja vara (Tónavarar og Krókvarar), efst á kletti (Krókavararklettum).

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

Um 4,5 x 5 m stór (A - V). Rúsin er úr grjóti og er líklega grunnur að timburhúsi sem þarna hefur staðið. Sjást hleðslur á tvær hliðar, en greina má mörk hússins á þær allar. Innan við hleðslurnar eru púkk.

Í rústinni eru leifar af járnkatli.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands sem setur þá skilmála sem þykja nauðsynlegir.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

17

Undirnr.

1

Sýsla

Dalasýsla

Sveitarfélag

Dalabyggð

Tákntala

3800

Hverfi

Skarðsstöð

Landareign

Skarð

MÍ:Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

25.10.2016

GPS Staðsetning

E 343374 N 536532

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

3

Tegund minja

Festahringur

Tilgáta/Niðurstaða

Dal 16.2

Verk

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Efnistaka

Tímab. hætta

Talsverð

Á kort?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

6

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

6

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Legg og staðhættir

Fáeina metra austur af Tónavör, rétt fyrir neðan sjávarkambinn.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Festahringur.

Úr járn, tæplega 10 sm í þvermál. Hringurinn er fastur í jarðfastri klöpp sem er umkringd lausagrjóti.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi festahringins þarf að flytja hann á öruggan stað með leyfi Minjastofnunar Íslands. Heppilegt væri að hreinsa grjótið frá hringnum og hafa hann sýnilegri.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

18

Undirnr.

1

Sýsla

Dalasýsla

Sveitarfélag

Dalabyggð

Tákntala

3800

Hverfi

Skarðsstöð

Landareign

Skarð

MÍ:Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

25.10.2016

GPS Staðsetning

E 343314 N 536527

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Hleðslur

Tilgáta/Niðurstaða

Rampur

Verk

Dal 16.2

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Lítill

Sæmilegt

1550-1900

Efnistaka

Mikil

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

4

Lítið

4

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Í brekku sem liggur við Krókavör.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Skarð. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Lýsing

Hleðslur (rampur).

Hleðslurnar eru 5 m breiðar og ná frá sjó og upp að vegi til vesturs. Norðan í mannvirkinu er garðlag, annars er allt mannvirkið lagt grjóti.

Liggur mannvirkið í boga þar sem það fer niður í sjóin á náttúrulegri hraunhellu og heldur þar eitthvað áfram.

Nánast beint vestan við mannvirkið, handan malavegarins er grunnur sem gæti verið frá Kaupfélaginu sem stóð á svæðinu. Þá er mögulegt að bátar og vörur hafi verið flutt upp eftir mannvirkinu (rampinum).

Í örnefnalýsingu segir að út af verslunarhúsum Skarðsstrendinga hafi verið lendingarvör sem hét Króksvör (sjá nr. 15).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi mannvirkisins þarf að rannsaka það (hreinsa ofan af, mæla og ljósmynda, m.a. með dróna) með leyfi Minjastofnunar Íslands sem setur þá skilmála sem þykja nauðsynlegir.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

19

Undirnr.

1

Sýsla

Dalasýsla

Sveitarfélag

Dalabyggð

Tákntala

3800

Hverfi

Skarðsstöð

Landareign

Skarð

MÍ:Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

25.10.2016

GPS Staðsetning

E 343381 N 536512

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

3

Tegund minja

Mannvistarlag

Tilgáta/Niðurstaða

Dal 16.2

Verk

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Mikil

Lélegt

1550-1900

Framkvæmdir

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

5

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Rétt vestur af hafnargarðinum sem er vestast í plássinu, við sjávar kambinn.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Mannvistarlag.

Lagið sést í rofabarði við sjávar kambinn á um 10 m kafla. Í rofinu má sjá brennd bein, rúðugler, steinkol og járn. Hugsanlega hefur laginu verið ýtt á staðinn þegar framkvæmdir voru við hafnarmannvirkin. Steinkol taka að berast til landsins um 1880 og því gætu þessar leifar verið frá fyrstu verslunarhúsunum sem munu hafa verið byggð þarna um það leyti.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi mannvistarlagsins þarf að rannsaka það með leyfi Minjastofnunar Íslands sem setur þá skilmála sem þykja nauðsynlegir.